

Skólaráð

Skólaráð 21.03.2012 kl. 8:10

22. fundur

Mættir: María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda og Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda. Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags og Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara tilkynntu forföll.

Skóladagatal lagt fyrir:

- Farið var yfir skóladagal næsta vetrar. Í ljós kom að færður hafði verið einn skipulagsdagur sem á að vera sameiginlegur. Hann hafði verið færður frá 21. maí til 10. maí sem þótti henta betur út frá skólastarfinu. Skipulagsdagur verður færður á upphaflegan dagsetningu til að fara að tilmælum fræðslufyrivalda. Jafnframt er skólastjóra falið að óska eftir tilfærslu á þeim degi til 10. maí svo hann nýtist skólastarfi betur.
- Bent var á að æskilegt væri að fræðslufirvöld gerðu könnun varðandi staðsetningu vetrarleyfisdaga. Kanna þyrfti hvort fólk vildi fá vetrarleyfi og hvenær æskilegt væri að vetrarleyfis dagar væru staðsettir. Einnig þyrftu að kanna óskir fólks um lengd vetrarleyfis. Könnun þyrfti að ná til starfsmanna og foreldra.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði gerðu athugasemd við frídag þann 2. janúar og telja að skólastarf ætti að hefjast strax eftir hátíðir til að skólastarfið sé í samræmi við atvinnulífið.
- Stungið var upp á því að fræðslufirvöld hlutuðust til um að myndaður yrði starfshópur um skóladagatalið þar sem rætt væri fyrirkomulag skólastarfs. Rætt var um í hvers þágu skólastarfið væri og hvort skóladagatalið endurspeglaði þarfir skólasamfélagsins. Athugasemdir voru gerðar við vinnuferlið og óskað eftir að meira samráð væri í framtíðinni við allt skólasamfélagið um vinnslu skóladagatala.
- Skóladagatalið var samþykkt eins og það liggur fyrir.

Skólaþingið:

- Lagðar voru fram niðurstöður skólaþings. Læsissteymi skólans hefur unnið úr niðurstöðum sem voru kynntar og ræddar á fagfundum kennara. Unnin verður áætlun út frá niðurstöðum og úrbætur gerðar innan skólans. Almenn ánægja var með skólaþingið.

Önnur mál:

- Kynntar voru hugmyndir tölvudeildar varðandi uppfærslu á tölvukerfum skóla.
- Gaflarakaffi verður haldið á laugardaginn. Póstur verður sendur á foreldra og auglýsing sett á heimasíðu skólans.
- Stóra upplestrarkeppnin – leggja þarf meiri áherslu á upplestur til að auka möguleika á verðlaunasæti. Finna þarf leiðir til að vinna á markvissari hátt með þjálfun í upplestri. Í framhaldinu var rætt um ritun og nauðsyn þess að skólinn efli þjálfun nemenda í ritunarferlinu.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið kl. 9:30.

María Pálmadóttir ritaði fundargerð.